



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Leikskólinn Reynisholt

2022 – 2023



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....	4
3 Innra mat deilda .....	8
3.1 Innra mat Bjartalundar .....	8
3.2 Innra mat Geislalundar .....	10
3.3 Innra mat Sunnulundar .....	12
3.4 Innra mat Stjörnulundar .....	14
4 Innra mat sérkennslu.....	16
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
8 Foreldrasamvinna.....	21
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	22
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	23



## Leiðarljós leikskólans

Lífsleikninám með sérstaka áherslu á jóga með börnum, umhverfismennt og bernskulæsi.

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Þennan vetur var áhersla lögð á að vinna að heilbrigði og vellíðan sem og eflingu lærdómssamfélags í A-hluta menntastefnunnar. Skipulagsdagur og fræðsla einkenndist því mikið af samvinnu og umræðu um félagsfærni, heilbrigði, skráningum á leik barna og úrvinnslu þeirra. Einnig var unnið í samvinnuverkefni með skólum hverfisins úr B-hluta, Orð eru til alls fyrst þar sem við kynntum okkur aðferðir í leik og starfi sem er til þess eru fallnar að auka málþroska, hugtakaskilning og hæfni til að beita tungumálinu. Undanfarin þrjú ár höfum við haft verkefnastjóra málörvunar sem sinnir þeim börnum sem þurfa aukna málörvun, tvítyngdu börnunum ásamt því að vera stuðningur við deildirnar. Þetta hefur gefist mjög vel og munum við halda áfram að þróa þessa stöðu innan leikskólans.

Í vetur tókum við þátt í Barnamenningarhátíð enda var hún haldin í nýrri menningarmiðstöð í Úlfarsárdal. Allir leikskólarnir í hverfinu unni að verkefninu Ævintýri í hverju spori og hlustuðu kennararnir á hvað börnunum þótti áhugavert í okkar nærumhverfi. Þannig stýrðu börnin hvert verkefnið leiddi þau og var virkilega gaman að sjá fjölbreytnina í verkum þeirra.

Lítið var um að foreldrar gætu tekið þátt í starfinu innan leikskólans í vetur en þó loksins gátum við boðið foreldrum inn í hús á vormánuðum. Mjög góð mæting var á opið hús og einnig margir foreldrar sem komu og sáu leiksýningu sem var í boði foreldrafélagsins á sumarhátíðinni okkar. Við hlökkum til næsta vetrar með mun meiri þátttöku foreldra.

Á skipulagsdögum í vetur hefur verið unnið að skipulagi vetrarstarfsins og endurmati, kynningu fyrir starfsfólk á áherslum leikskólans, fræðslu um græn skref og grænfánann, slysavarnarnámskeið, hófum gerð samskiptasáttmála, heimsóttum tvo leikskóla á suðurlandi ásamt því að fara saman í flúðasiglingu til að þjappa hópnum vel saman fyrir sumarið.

Megináherslur næsta veturs verða að vinna áfram með þróunarverkefnið okkar Félagfærni út í lífið með sérstaka áherslu á læsi. Við viljum hvoru tveggja vinna með læsi í hefðbundnum skilningi eins og að vinna með málþroska, lestur og ritun en einnig í óhefðbundnum skilningi eins og læsi á eigin líðan og annarra og umhverfislæsi. Þannig tengjum við fyrri áherslur um heilbrigði og vellíðan við nýja áherslu. Næsta vetur munum við samtvinna læsi í jógastundir, samverustundir, vettvangsferðir og í þróun á vinnu með Bambahúsið. Auk þess sem við munum auka foreldrasamvinnu t.d. varðandi lestur heima, fræðslu varðandi umhverfismennt og fullt af heimboðum í leikskólann næsta vetur.

Innan leikskólans hefur ætíð verið sterkur faglegur hópur og vildum (viljum) við ná að virkja alla starfsmenn í anda lærdómssamfélags. Við munum því næsta vetur efla teymisvinnu hjá okkur, en við fundum í árferði undanfarinna tveggja ára að mikið tapaðist í faglegri umræðu og þátttöku allra þegar ekki var hægt að halda þeim reglulegum. Farið verður ýtarlega í tilgang og markmið með teyminum og áhersla lögð á að fundir haldist. Einnig taka nokkrir kennarar þátt í menntafléttu og viljum við nýta



okkur þá hugmyndafræði betur í okkar teyllum til að styrkja starfsmenn sem leiðtoga meðal jafningja.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýna að veturinn hefur tekið mikið á starfsmenn, jafnvel enn meira en veturinn þar á undan og hafa flestir þættir lækkað á þessu ári. Greinilegt er að álag hefur aukist á starfsmenn á síðastliðnum tveimur vetrum og telja stjórnendur að covid hafi spilað þar stóran þátt þar sem að sífelldar breytingar á skipulagi, starfsháttum og almennu starfi hafa mikil áhrif. Einnig hefur stytting vinnuviku aukið á vinnuframlag og álag þó að starfsmenn séu ánægðir með að fá styttingu. Næsta vetur munum við því beina sjónum inná við og finna leiðir til að styrkja starfsmannahópinn, samstillta og finna gleðina í starfinu. Í vetur fórum við af stað með gerð samskiptasáttmála innan leikskólans og mun sú vinna vera kláruð með starfsmannahópnum á fyrsta skipulagsdegi í september. Aukin áhersla verður á teymisvinnu, þjálfun og móttöku nýliða og endurnýjun námskrár leikskólans en þeirri vinnu var frestað veturinn 2020.

Við teljum að þrátt fyrir allar takmarkanir vetrarins höfum við náð meginmarkmiði okkar þennan vetur sem var vellíðan barnanna.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Lífsleiknitymi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Aukning á deildum með jóga og Blæ en mætti gera enn sýnilegra fyrir foreldra t.d. með því að hvetja börnin að sýna heima
Læsissteymi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Gekk vel að vinna að markmiðum Lubba en samræma þarf sönghefti og auka notkun þula
Umhverfisráð	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Ánægja með aukningu á vettvangsferðum en skerpa þarf á vinnu með börnunum
Listgreinateymi	Teymið hittist og ræddi saman	Einn starfsmaður af hverri deild	Ánægja með hvernig unnið var að Barnamenningarhátíð. Mikilvægt að halda reglulega fundi
Deildir unnu mat út frá starfsáætlun	Deildir hittust og settu markmið út frá starfsáætlun haust og vor	Allir starfsmenn deildarinnar	Mörgum markmiðum var náð í vetur t.d. að setja vellíðan barna í forgang. Erfiðar gekk með samvinnu milli deilda og foreldrasamvinnu



## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Viðhorfskönnun starfsmanna</b>	Könnun á vegum SFS	Starfsmenn	
	Tilgangur, upplýsingaflæði, stjórnun, vinnuálag og starfsánægja		Þessir þættir hafa staðið nokkuð í stað milli ára og má helst bæta vinnuálag
	Sveigjanleiki í starfi og vinnuálag		Þessir þættir hafa batnað á milli ára og munum við halda áfram að vinna að betra starfsumhverfi
	Fræðsla, starfsandi, viðurkenning og móttaka nýliða		Þessir þættir hafa farið niður á milli ára og verður unnið markvisst að þeim í vetur. sjá umbótaáætlun
	Vinnuálag, stytting og áhrif vinnu á líðan		Þetta eru nýjir þættir inn í könnunina og finna starfsmenn fyrir álagi í vinnu og heima fyrir vegna vinnunnar að hluta til vegna styttingar

## Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Fræðsla og tilgangur</b>	Að allir starfsmenn þekki stefnu leikskólans og skilji tilgang með leikskólalast.	Fræðsla til allra starfsm. á skipulagsd. bæði með fyrirlestrum og jafningja-fræðslu	Stjórnend ateymi	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna og þátttaka í umræðum í teymum	Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í fræðslu og tilgangi
<b>Móttaka nýliða</b>	Endurskoðun á móttöku-áætlun	Ný móttöku-áætlun verði sett í notkun og hlutverk stjórnenda í móttöku verði skýrt	Stjórnend ateymi	Haust	vor	Viðhorfskönnun starfsmanna. Viðtal stjórnenda/deild arst. við nýjan starfsmann eftir 3 mánuði í starfi	Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í móttöku nýliða
<b>Viðurkenning</b>	Starfspróunar samtöl og samtöl við deildarstjóra	Starfspr.-samtöl einu sinni á ári og viðtal við deildarstjóra einu sinni á önn	Stjórnend ateymi. Aðstoðar-leikskóla-stjóri styður við deildarstj	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna.	Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í viðurkenningu og líðan



Uppeldis- og menntastarf							
Skráningar	Efla enn frekar uppeldisfræðilegar skráningar	Í mennta-stefnu verkefninu höldum við áfram að gera skráningar. t.d öskudagsbúningar, vinna við læsistengd verkefni	Allir starfsmenn með jafningjastuðningi	Haust	Vor	Fjöldi skráninga og úrvinnslu	Allir starfsmenn viti hvað uppeldisfræðilegar skráningar eru og reyni sig áfram. Öll börn hafi í það minnsta 2 skráningar í ferilmöppu
Umræða um nám barna í leikskóla	Samtal um hvernig við stuðlum að námi barna	Í mennta-stefnu verkefninu ræðum við um okkar hlutverk í námi barna út frá læsis hvetjandi umhverfi	Allir starfsmenn	Haust	Vor	Vinum að markmiðum í menntastefnu verkefninu	Endurmat í des og maí á hvort markmiðum hafi verið náð
Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsandi	Samskipta-sáttmáli og skýr hlutverk	Klára vinnu við samskipta-sáttmála og setja fram skýr hlutverk starfsm. Einnig skýrar boðleiðir og aðgangur að upplýsingum	Stjórnendateymi og allir starfsmenn	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna.	Samskipta-sáttmáli tilbúinn. Hærra gildi í viðhorfskönnun starfsmanna í vinnuálagi, starfsánægju og starfsanda
Tilgangur teyma	Að allir starfsmenn skilji tilgang með teyllum	Bæði í móttökuáætlan og á skipulags-dögum er rætt um hvers vegna við höfum teymi um hvern áherslupátt leikskólans, hlutverk hvers og eins	Stjórnendateymið	Haust	Haust	Meiri þátttaka í umræðum þeirra sem eru í teyllum og viðhorfskönnun starfsmanna	Hærra gildi í viðhorfskönnun um þátttöku, ábyrgð og að hafa rödd.
Tækifæri til samtals	Auka leiðsögn til starfsmanna	Fleiri samtöl deildarstjóra við starfsfólk og starfs-próunar samtöl við leikskólastjóra. Einnig skilvirkari móttaka nýliða	Stjórnendateymi	Haust	Vor	Viðhorfskönnun starfsmanna	Hærra gildi í viðurkenningu, fræðslu og móttöku nýliða



Innra mat							
Markmið fyrir umhverfisráð	Flokkun, áhersla út frá grænfána Bambahús Umhverfislæsi	Skýr markmið strax að hausti sett af teymi og umsókn um grænfána	Umhverfisráð	Haust	Vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Afhending grænfána vorið 2023 Fundargerðir sýnilegar og stafsólk meðvitað um markmið
Markmið fyrir lífsleiknateymi	Blær, Jóga og snerting heim, læsi á eigin líðan	Fleiri starfsmenn á námskeið, yfirfara kyrrðarstundarkörfur og umræður um tilfinningar	Lífsleiknateymi	Haust	Vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Fundargerðir sýnilegar og stafsólk meðvitað um markmið
Markmið fyrir læsisteymi	Samræma sönghefti, auka, notkun þula	Yfirfara og samræma sönghefti, finna betri utanumhald. Bæta við þulum og skoða loðtöflusögur	Læsis-teymi	Haust	Vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Fundargerðir sýnilegar og stafsólk meðvitað um markmið
Markmið fyrir listgreinateymi	Skipulag, utanumhald á verkefnum	Endurskipuleggja listalund og endurskoða ferilmöppur	Listgreinateymi	Haust	Vor	Fundargerðir og skráningar frá deildum á verkefnum vetrarins	Fundargerðir sýnilegar og stafsólk meðvitað um markmið



### 3 Innra mat deilda

#### 3.1 Innra mat Bjartalundar

Á Bjartalundi veturinn 2021 – 2022 dvöldu 16 börn fædd árin 2019 og 2020. Starfsmenn voru fimm talsins þar af einn í 65% starfi sem sinnti afleysingu. Haustið byrjaði af krafti en Bjartilundur hefur ekki verið með svo ung börn áður. Það tók því tíma að aðlaga þann aldur og þó að síðustu börnin hafi byrjað 27. september stóð aðlögunin langt inn í nóvember. Einnig hófu tvö börn leikskólagöngu 1. desember og setti aðlögun sitt mark á jólaundirbúninginn. Þessi hópur þarf annars konar umönnun og var deildin í smá tíma að finna út hvernig best væri hægt að mæta þörfum þeirra.

Helstu verkefni náðust þó að mestu leyti. Öll börn gerðu haustmynd og sjálfsmynd, öll fóru í nokkur skipti í könnunarleikinn og öll föntruðu jólagjafir handa foreldrum sínum. Það gekk mjög vel. Að öðru leyti fór stór hluti starfsins fram í frjálsa leikinn og að mynda tengsl við börnin. Lítið svigrúm gafst því til skipulagðra stunda en starfsfólk var duglegt að grípa í bækur við hvert tækifæri, spila og syngja lög og dansa. Haldið var upp á bangsadaginn en dagur íslenskrar tungu féll upp fyrir.

Eftir áramót var meiri tími fyrir skipulagt starf og hófst vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein af krafti. Unnið var með hvert máhljóði í nokkrar vikur. Börnin lærðu táknið og lagið við máhljóðið ásamt því að lögð voru inn orð sem hófust á þessu hljóði. Börnin gerðu einnig eitt listaverk fyrir hvert hljóð sem hent var upp í fataklefa í lok verkefnisins. Barnamenningarhátíð átti hug okkar allan í febrúar og mars. Börnin sýndu pollum mikinn áhuga sem voru í garðinum en brátt fór að snjóá. Unnið var með vatn, polla og snjó á fjölbreyttan hátt og var áherslan á að vinna í gegnum leikinn og gefa börnunum tækifæri á á uppgötva á sinn hátt.

Alls voru 4 markmið sett fyrir veturinn, að efla skráningar á deildinni, efla lestur og orðaforðabjálfun, vinna með sjálfsefningu í gegnum einstaklingsmiðaða athygli og auka vellíðan barna og starfsfólks. Markmiðin voru svo aðlöguð aldrinum og náðust að mestu leyti. Skráningarnar urðu ekki eins markvissar og von var til en tekin voru mörg myndbönd af börnunum og náðist að sýna eitt myndband af hverju barni í leik og starfi í foreldraviðtölum vorsins sem gekk mjög vel. Lestur og orðaforðabjálfun fór í gegnum frjálsa leikinn. Sömu bækurnar voru lesnar trekk í trekk og börnin náðu góðum tókum á söguþræðinum. Vinsælastar voru Allir geispa, Depill og Besta knús í heimi.

Vellíðan barnanna var forgangsraðað ofar öllu og fór drjúgur tími starfsins í að mynda tengsl við börnin og gefa þeim nálægð og öryggi. Öll börn fengu ríka athygli gegnum daginn og einstaklingsmiðað samtál. Við erum ánægðar með hversu vel til tókst og voru börnin örugg og ánægð í vetur á deildinni.

Næsta vetur munum við efla enn frekar skráningar á leik barna og skapa betri ramma til að ná umræðunni sem er nauðsynlegur hluti skráninganna. Einnig ætlum við að efla útinám og finna leiðir til að auka sjálfstæði barnanna inn á deild. Þróunarverkefni vetrarins verður læsi og mun áherslan á Bjartalundi vera á bækur og sögur.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar á leik barna	Að starfsfólk þjálfist í að skrá leik og samskipti barna.	Finna leiðir til að gera skráningar að eðlilegum hluta leikskóladagsins og vinna með þær á markvissan hátt	Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar	Sept 2022	Maí 2023	Fjöldi skráninga ásamt fundargerðum og foreldraviðtölum	Starfsmenn deildar framkvæma skráningar á skilvirkan hátt og rýna í þær sameiginlega og tekur ákvarðanir byggðar á þeim til hagsbóta barnanna.
Útinám	Að auka útinám bæði í gegnum gönguferðir og í lundinum.	Hafa fráteknar stundir fyrir útinám og nýta lundinn í meira mæli. Gönguferðir vikulega meðan veður leyfir.	Leikskólakennari ásamt öllum starfsmönnum	Sept 2022	Des 2022	Metið á deildarfundi í desember hvernig framvindan er og hvort gera þurfi breytingar	Að öll börn hafi fengið amk eina gönguferð fyrir áramót og farið í lundinn amk 2 sinnum.
Sjálfstæði barnanna	Að efla börnin í að gera sjálf og reyna sjálf.	Að börn fái tækifæri til að spreyta sig sjálf og sé treyst til að prófa sjálf, t.d. að ganga frá eftir mat og klæða sig.	Deildarstjóri ásamt öllu starfsfólki deildar	Sept 2022	Maí 2023	Metið með umræðum á deildarfundum og gerðar breytingar á skipulagi og umhverfi eftir þörfum.	Börnin geti klætt sig að mestu leyti sjálf og eigi auðvelt með sjálfsbjörg við matarborð á vormánuðum.
Efla lestur bóka	Að vinna markvisst með bækur og sögur.	Að skipuleggja lestrarhópa og fara á dýptina í sögunum og vinna í lengri tíma með hverja sögu.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Sept 2022	Des 2023	Skráning á hversu margar stundir nást fyrir áramót og hvaða sögur var unnið með. Endurmetið í desember og gerðar umbætur ef þarf.	Að það náist að vinna með amk 3 mismunandi sögur á dýptina svo börnin tileinki sér söguþráðinn. Að lestrarhópar náist í 70% tilvika



## 3.2 Innra mat Geislalundar

Þennan veturinn dvöldu 18 börn fædd 2018 og 2019. Á deildinni voru 4 fastir starfsmenn. Í lok janúar tók nýr deildarstjóri við.

Aðlögun að hausti gekk vel, færa þurfti börn milli deilda og yngri börn komu inn. Eitt barn hætti á deildinni í febrúar. Röskun vegna starfsmannamála, sérstaklega á vorönn, setti sitt mark á skipulagð starf, en áherslur leikskólans eru alltaf fastur hluti í starfinu, jóga og Lubbastundir voru í samverustundum, fyrir matinn öndunaræfingar, útikennsla í útiveru daglega og maí og júní tókst að fara í nokkrar gönguferðir á nágrenni leikskólans

Yngri börn komu á deildina í haust en hafa verið og haustönn fór í að aðlaga þau. Mikið var unnið með þeim í frjálsa leiknum með samskipti og orðaforða. Í samvinnu með Þórey sem sinnir málörvun í leikskólanum var unnið með orðaþemu. Orð voru sett á hluti og gjörðir og myndir settar upp inni á deild og í fataklefa. Þemu voru í tvær vikur í senn, t.d. fataklefi, matur, útivera. Unnið var með Lubba þannig að stafir allra barna lagðir inn og löggin sungin. Einnig skoðuðum við ákveðið mörg húsdýr og hvaða bókstaf hvert og eitt dýr hefur. Prentaðar voru út myndir af dýrunum og notaðar í samverustundum. Einnig var hlustað á Lubbalögin og tákn fyrir hvern bókstaf lagt inn. Sett var upp bókadagatal og tvær bækur valdar til að lesa hvern mánuð. Krakkarnir sýndur þessu mikinn áhuga og okkur fannst þetta skila árangri í orðaforða og lesskilningi.

Jóga var kynnt fyrir börnunum í samverustundum og á vorönn fóru þau í skipulagðar jógastundir. Á vorönn fjölgaði börnum í kyrrðastund í heimastofu og þar unnið með snertingu og nudd, t.d. var börnum boðin sól á bakið og að nota pensla til að „mála“ hvert annað. Þar var líka lesið eða hlustað á sögur.

Í byrjun apríl var Barnamenningarhátíð þar sem hvert barn á deildinni átti eitt verkefni. Yfirskrift hátíðarinnar var Ævintýri í hverju skrefi og skoðuðum við nærumhverfið. Unnið var með það í útinámi og hópastarfi í mars. Áhugi barnanna beindist að því sem þau fundu í snjónum og báru verk þeirra þess merki.

Í menntastefnuverkefninu var lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan og var t.d. rætt um hollan og óhollan mat við börnin, unnið með tilfinningar í gegnum tilfinningaskrímsli og liti, og hvað þýða tilfinningar, reiði, gleði, dapur, hræddur, rólegur, kærleikur. Eins var unnið með vellíðan allra t.d. með því að vera í minni hópum.

Lítið hefur verið um skráningar í vetur en mikið tekið af myndum í starfi barnanna. Starfsfólk vann líka með tengslahringinn og skoðuðu barnahópinn út frá honum.

Ekki tókst að gefa hverju barni einstaklingsmarkmið, sem byrja átti á vorönn og ræða í foreldraviðtölum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi og málrækt	Lesið sé daglega fyrir öll börn	Bækur valdar fyrir hvern mánuð, þær lesnar og ræddar	Starfsfólk deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Metið í desember og maí. Skráning yfir lesnar bækur	Lestrarstund náist daglega. Börn þekki lesnar bækur og orðaforða
Samverustundir	Markvissari innlögn máls	Skipta börnunum í minni hópa	Starfsfólk deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Metið í desember og maí. Skráning á tíma hópanna	Að tekist hafi að skipta hópnum a.m.k. 4 sinnum í viku
Skráningar	Starfsmenn skrái meir leik og samskipti barnanna	Finna tíma dags og leiðir sem starfsfólki hentar best	Deilda- stjóri	Sept. 2022	Mái 2022	Metið í desember og maí. Fjöldi skráninga	Allir starfsmenn hafi gert 3 til 4 skráningar yfir önnina og þær rýndar á deildafundi



### 3.3 Innra mat Sunnulundar

Á Sunnulundi veturinn 2021-2022 dvöldu 22 börn og voru um fimm stöðugildi á deildinni. Tólf börn voru fædd 2017 og tíu börn fædd árið 2018. Yfir veturinn var unnið að verkefnum í þemum. Um haustið var unnið með náttúruna og jólin. Á vorönn var unnið með þorrann, Barnamenningarhátíð og vorið. Jóga og slökun fór hægt af stað en jókst á vorönn. Sköpun og fræðsla í tengslum við náttúruna var áberandi bæði fyrir og eftir áramót.

Veikindi tengd Covid-19 hafði mikil áhrif á skipulagt starf eftir áramót. Nýr deildarstjóri tók við deildinni í haust, nýjir starfsmenn komu á deildina og tók tíma að finna takt og styrkleika hvers og eins, ásamt því að kynna barnahópnum. Áhersla var lögð á vellíðan barnanna í upphafi vetrar þar sem það stuðlar að virkara námi og þátttöku barnanna.

Breytingar urðu á dagskipulagi þennan veturinn þar sem hádegismatur var fyrr en árið áður sem gerði það að verkum að kyrrðarstund og útivera eftir hádegið færðust einnig fram. Það tók tíma að finna nýjan takt og hafði það áhrif á lengd kyrrðarstundanna. Um fjórðungur barnanna þurftu að sofa í kyrrðarstundum og þótti starfsmönnum of mörg börn í hópnum sem ekki sváfu, það breyttist um áramót þegar fleiri börn hættu að sofa. Starfsmenn voru sammála um að kyrrðarstundirnar mættu vera styttri en fyrri ár þar sem úthald barnanna í jóga, snertingu og slökun er ekki langt sökum aldurs og þroska. Boðið var upp á vinsamlega snertingu, jóga, lestur og einnig stærðfræði hluta af vetri.

Samverustundir gengu nokkuð vel eftir að aðlögun barna lauk. Lögð var áhersla á að leggja inn máhljóð barnanna með Lubba og vináttu með Blæ á haustönn. Á vorönn var meiri áhersla lögð á söng ásamt máhljóðum með tillit til aldurs. Einnig voru lagðir inn nokkrir hópleikir sem reyna á athygli barnanna.

Unnið var markvisst með læsi á fjölbreyttan hátt yfir veturinn. Lubbi kom inn með ný máhljóð um það bil einu sinni í viku þar sem áhersla var lögð á máhljóð barnanna á haustönn og aldursviðmið á vorönn. Málörvun átti sér stað í daglegu starfi, sérstaklega fyrir áramót þar sem málörvunarþemu voru sameiginleg yfir leikskólann og ákveðin í samstarfi við sérkennslu um hvað var lögð áhersla á hverju sinni. Á vorönn náðist ekki að vinna með læsi á jafn markvissan hátt og á haustönn.

Útinám byrjaði vel í haust þar sem við fylgdumst með náttúrunni breytast og unnum verkefni tengd haustinu. Veturinn var snjóþungur og var erfitt að nýta sér það sem nærumhverfið hefur uppá að bjóða. Í tengslum við Barnamenningarhátíð var stuðst við áhuga barnanna, hann beindist að mestu leyti að trjám sem umlykja Reynisholt og var unnið út frá því. Þar spratt upp mikill áhugi á umhverfinu sem hélt áfram fram á vorið. Við fylgdumst með náttúrunni vakna þar sem vorlaukar sem gróðursettir voru um haustið komu loksins upp. Þá sáðu öll börnin fræjum sem fylgst var með vaxa og voru svo færð í gróðurhúsið.

Þróunarverkefnið félagsfærni út í lífið hélt áfram þar sem lögð var áhersla á að dýpka þekkingu og færni starfsmanna í að vinna með félagsfærni barna í daglegu starfi. Ekki var unnið markvisst með leikskráningar í vetur en lögð var áhersla á að taka myndir og hafa þær sýnilegar fyrir börn, starfsfólk og foreldra, þær voru hengdar upp ásamt því að vera sendar vikulega heim með tölvupósti. Við viljum virkja leikskráningar aftur þar sem það eflir faglega umræðu starfsmanna á þroska barna. Þekking



starfsmanna sem unnu með félagsfærni og sjálfsefingu árunum áður er enn til staðar og var miðlað til nýrra starfsmanna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jógastundir Vinsamleg snerting	Gera jóga markvissara í kyrrðarstundum. Vinsamleg snerting einnig.	Starfsmenn voru ekki með fasta kyrrðarstund, öll börn nutu góðs af þekkingu og færni hvers starfsmanns.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Okt. 2022	Maí 2023	Metið um áramót og vor.	Farið yfir hvernig gengur og skráð í matið.
Kyrrðarstundir	Hafa betra skipulag á hvað skal gera í kyrrðarstundum, vera meðvituð um tíma kyrrðarstundanna.	Gera áætlun/hafa sýnilegt skipulag hvað skal gera á hverjum degi. Passa að hver hópur fái snertingu, jóga, lestur í hverri viku.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept 2022	Maí 2023	Metið á deildafundum.	Finna fyrir áhuga barnanna og sjá þau upplifa vellíðan í stundunum.
Skráningar á leik barna	Áframhaldandi þjálfun starfsmanna í skráningu á leik barna.	Að starfsmenn taki tíma í undirbúning til að framkvæma og meta leikskráningu.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept 2022	Maí 2023	Farið yfir skráningar á deildafundum reglulega yfir veturinn.	Fá að sjá skráningar frá öllum starfsmönnum og greina saman.
Umhverfismennt	Kynna flokkun fyrir börnum, auka næmi barnanna á hvað gerist í náttúrunni á mismunandi árstíðum.	Setja skýr markmið fyrir umhverfismennt og hafa sýnilegt á deildinni. Vekja áhuga barna á náttúruvernd	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept 2022	Maí 2023	Metið um áramót.	Börnin geri sér grein fyrir flokkun og sýni náttúrunni virðingu.



### 3.4 Innra mat Stjörnulundar

Á Stjörnulundi veturinn 2021-2022 dvöldu 14 börn fædd 2016 og 10 börn fædd 2017. Tvö börn fædd 2016 bættust við hópinn með vorinu, eitt barn í apríl og eitt í maí 2022. Á deildinni voru 5 fastir starfsmenn, 2 starfsmenn voru stuðningur við 2 börn með sérþarfir. Tveir starfsmenn leystu af undirbúning starfsmanna og seinni hluta dags. Veturinn einkenndist af breytingum vegna Covid-19 en með vorinu gátum við opnað leikskólann fyrir foreldrum. Við erum enn að aðlaga starfsemina að styttingu vinnuvikunnar, en tekin var ákvörðun um fulla styttingu hjá starfsmönnum. Við lögðum áherslu á hópastarf, kyrrðarstundir, útinám, félagsfærni og samskipti barna í leik. Börnin fóru í skólaheimsóknir 1x í mánuði en æfingarnar í fótboltanum Fram, sem hefur verið boðið upp á síðustu ár, féllu niður vegna plássleysis í leikfimissal Sæmundarskóla.

Í kyrrðarstundunum var lögð áhersla á jóga -og snertistundir, stærðfræði, lestur og orð af orði. Í jógastundunum var lögð áhersla á vinsamlega snertingu, öndun, jógastöður og ævintýraferðir. Það var mikill áhugi hjá börnunum og þau stigu út fyrir þægindarammann og prófuðu nýjar æfingar sem eflaði hugrekki, styrk og samhæfingu. Í stærðfræðistundunum var meðal annars lögð áhersla á form, tölur, fjölda og stærðfræðileg hugtök. Einn starfsmaður hélt áfram í menntafléttu tengdri stærðfræði. Þar var lögð áhersla á skráningar á leik barna á deildinni til að greina í hvaða birtingamynd stærðfræðin lýsir sér í leikskólanum.

Í lestrastundunum var lögð áhersla á sögulestur með fjölbreyttum hætti, loð-töflu sögur, bókabíó og búin til stutt leikrit með börnunum. Hundurinn Lubbi kom í heimsókn og var lögð áhersla á ákveðna bókstafi og bókstafirnir rifjaðir upp frá síðustu árum. Við lögðum áherslu á auka orðaforða og skilning tvítýngdra barna sem nýttist öllum börnunum á deildinni. Elsti árgangur barnanna fór í litlum hópum í verkefnið „orð af orði“ þar sem unnið var með að finna hljóð í orðum, hljóðalottó, skrifa og teikna.

Í menntastefnuverkefninu okkar var lögð áhersla á útinám og upplifun og vellíðan barna í náttúrunni. Við lögðum áherslu á sjálfstæði þeirra og trú á eigin getu, upplifanir og geta sagt frá eigin tilfinningum. Börnin ræktuðu blóm sem þau önnuðust og pössuðu vel upp á. Blær kom í heimsókn í samverustundir og haldið var áfram með vináttuþjálfun og góð samskipti milli barnanna. Við hjálpuðum börnunum að finna lausnir á samskiptavanda sem upp kom milli þeirra. Sérstök áhersla lögð á að tala með virðingu hvort við annað og hjálpa þeim að finna lausnir að koma inn í leik sem er byrjaður.

Við gáfum frjálsa leiknum rými þar sem byggingaá huginn eflaðist mikið og börnin byggðu flóknar og ólíkar byggingar. Við gerðum byggingarnar sýnilegri með því að hengja myndir af þeim upp á vegg. ásamt myndum af þekktum byggingum í samfélaginu. Börnin efldust í byggingaleiknum, þar sem þau byggðu eftir fyrirmyndum og frá reynsluheimi sínum. Hlutverkaleikurinn þróaðist á skemmtilegan hátt þar sem börnin komu með hugmyndir að margskonar efnivið sem þau gátu notað í leikinn.

Hópastarf einkenndist af umræðum og verkefnum sem tengdist upplifun barna í náttúrunni og breytingarnar sem verða í náttúrunni eftir árstíðum. Við tókum þátt í barnameningarhátíðinni, þar sem við fönguðum áhuga barnanna með verkefna- og hópavinnu. Meistarar, eldri hópurinn, kannaði strætó og yngri hópurinn fuglinn Krumma. Börnin fóru í ferðir og heimsóknir sem tengdust verkefninu þeirra. Í lok skólaársins fóru meistararnir í nokkrar ferðir um Reykjavík s.s. Gufunesbæ,



fjöruferð, fjölskyldu- og húsdýradaginn og Lambhaga. Í útskriftarferð sinni fóru meistarar í dagsferð út í Viðey.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Jógastundir/ vinsamleg snering	Halda áfram að gera jóga sýnilegri inn á deild og styrkja börn og starfsfólk að prufa sig áfram í jógstundum.	Jógastundir í litlum barnahópum Setja myndir tengt jóga á vegg leikskólans. Bæta við efni í jógakörfuna okkar á deildinni.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Metið á deildarfundum um áramót og vor. Tengja jóga við aldur og getu.	Börnin fá jóga- og snetistundir 1x í viku og að stafsmenn og meti áhuga og líðan barna á deildinni.
Lestur/ málaskilningur	Að vinna markvist við lestur bóka og framhalds-sögur.	Lestur í litlum hópum og stærri samveru-stundum. Leggja áherslu á ákveðin orð, hengja upp myndir og orð á vegg deildarinnar, leikur að orðum og verkefnum tengt hljóms2	Starfsm. deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Metið á deildafundum hvað virkar og hvað ekki, fara yfir efni með starfsfólki til að virkja áhuga barna á lestri. Hafa verkefni sýnilegri inn á deild sem hægt er að nota í samverum og fyrir börnin í frjálsum leik.(stafi og orðaleiki)	Lestrahópar þar sem er unnið með ákveðnar bækur og orð.
Útinám	Vinna með flokkun og vellíðan í útiveru.	Gönguferðir, upplifun og ræktun. Bambahúsið.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Meta á deildafundum um áramót og að vori. Fanga áhuga barnanna og gera skráningar sýnilegri fyrir börnin af ferðunum.	Meta út frá skráningum starfsfólks á ferðum og verkefnum tengt ræktun og umhverfi.
Samskipti og vinabjálfun	Vinna með vináttuna og tilfinninga-stjórnun.	Sögur og umræður við börnin- og leikir sem bjálfa vináttu og góð samskipti.	Deilda- stjóri ásamt Starfsm. deildar	Sept. 2022	Mái 2022	Meta á deildafundum og fara yfir vinartengsl barnanna.	Meta út frá leikskráningu m og þátttaka barna í umræðum og vináttuleikju m.



## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2021-2022

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2021-2022</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla var skipulögð á þann hátt að mikið var unnið innan deildarinnar í daglegu starfi og þannig tekið tillit til menntunar án aðgreiningar. Einnig fór fram markviss einstaklingsþjálfun 3-4x í viku.</p> <p>Skráningar voru unnar út frá listum bókarinnar Behavioral intervention for young children with autism einstaklingskennslu.</p> <p>Þau hópaverkefni sem unnin voru, var unnið einstaklingslega með þeim sem hafa stuðning. Við mikið áreiti í daglegu starfi hefur verið gripið til þess að fara með þá í Lautina.</p> <p>Markviss málörvun fór fram síðastliðinn vetur. Bæði einstaklingsmiðað og í hópavinnu. Unnið var með hópa sem fengu slaka útkomu í Hljóm-2. Þá voru einnig útbúnir hópar í forvarnarskyni þar sem hóparnir fengu markvissa þjálfun í þeim þáttum sem koma fyrir í Hljóm-2. Í þeirri vinnu var unnið með kennsluefnið Aðgerðaráætlun í kjölfar Hljóm-2, ásamt Paxel123.com og Hugur og fluga.</p> <p>Umsjónaraðili málörvunar hefur farið inn á hverja deild einu sinni í viku, klukkutíma í senn til að sinna málörvun.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, Hljóm-2, Íslenski máhljóðalykillinn og EFI-2, keyptur var aðgangur að Webablls.net</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Fjölbreyttar kennsluaðferðir</p> <p>The Processing program verkefnabók. Orðagull, Paxel123.com, fjölbreyttar kennsluaðferðir, Ljáðu mér eyra, Hugur og fluga, Orð af orði námsefni sem unnið var með í þróunarverkefni hér í Reynisholti.</p> <p>Keyptur var myndabanki til að nota í einstaklingsþjálfun.</p>





## Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Skráningar</b>	Hægt að vera markvissari í skráningum	Kaupa aðgengi að webablls.net	Sérkennslustjóri	Haut 2022	Vor 2023	Farið yfir skráningalista	Skráning á WebABLLS.net notað til að meta framfarir
<b>Halda teymisfundi</b>	Hafa teymisfundi markvissari og reglulegrir	Vinna fundargerð og fara yfir þær í upphafi hvers fundar	Sérkennslustjóri	Vor 2022	Vor 2023	Með skráningum fundargerða	Einn fundur í mánuði. Fundarg. skráðar

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun fyrir verkefnastjórnun og námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss miðlun frá verkefnastjóra málörvunar til starfsfólks, má þar nefna starfsdaga þar sem við höfum haft kynningu á málörvun. Bæði hefur starfsfólk fengið verkfæri til að vinna með í daglegu starfi, ásamt einstaklingstímum fyrir hvert og eitt barn. Gripið hefur verið til Gefðu 10 unnið með það markvisst í stutta stund í senn. Það er ekki notað í daglegu starfi.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já það er markvisst unnið að því, bæði einstaklingslega og inn á deild. Verkefnastjóri málörvunar kemur inn á hverja deild einn dag í viku, klukkustund í senn þar sem unnið til að efla orðaforða fjöltyngdra barna. Auk þess sem þau hafa farið í hópum eða einstaklingslega í markvissar leikstundir og málörvun.



Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Matslisti er í þróun innan borgarinnar. Í dag er notast við Einn leikskóli mörg tungumál en listinn þar er meiri gátlisti en matstæki. Málörvun er skipulögð fyrir hvert barn viku í senn og gerð einstaklingsáætlun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með alla þessa þætti, ýmist innan deildar, einstaklingslega eða í hóp í Lautinni.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að vinna með tvítyngi í daglegu starfi.	Auka þarf virkni innan deilda þegar kemur að fjöltyngdu m börnum.	Auka aðgang barna að sjónrænu skipulagi. t.d. hafa samverustundir þar sem farið er yfir daginn. Sam- ræma milli deildanna hvaða þætti er unnið með. Með því að setja upp þemu fyrir hvern mánuð, þar sem sömu orð-flokkar eru teknir fyrir á sama tíma um allt hús.	Deilda-og sér-kennslu-stjóra.	hau st	vor	Sitja deildarfund einu sinni á önn. Samtal við deildastjóra einu sinni á önn. Yfirfara stöðu barnanna og meta framhald.	Viðmið kemur fram í samtali milli stjórn-enda



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eiga sér stað í febrúar. Sökum mikilla veikinda og fjarveru starfsmanna í febrúar og mars náðust ekki starfsþróunarviðtöl við alla starfsmenn. Leikskólastjóri ræddi þó óformlega við marga starfsmenn. Komið var til móts við allar fyrirspurnir um námskeið og aðra endurmenntun starfsmanna eins og hægt var en nokkur af námskeiðum sem fyrirhuguð voru frestuðust eða voru felld niður.

Haustið byrjaði með því að leikskólastjóri var með kynningu á áherslum leikskólans, jóga, umhverfismennt og læsi. Deildirnar unnu skipulag fyrir haustönn út frá starfsáætlun og svo fengum við kynningu á námsefni frá Landvernd. Í október var umræða um hvernig við vildum vinna með áhersluþátt menntastefnunnar Heilbrigði og lífstíll og skyndihjálpanámskeið. Í nóvember voru teymisfundir og fyrirlestur frá Önnu Grétu Ólafsdóttur um vinnustaðameningu. Í febrúar var vorönnin skipulögð ásamt því að fá Guðlaugu Gísladóttur og Ingibjörgu Kristleifsdóttur til að hefja vinnu við samskiptasáttmála. Í mars fengum við 1.skrefið í Grænum skrefum og svo var hópavinna sem við köllum lærum hvert af öðru þar sem kennarar stýra umræðum um læsi, umhverfismenn og lífsleikni. Í maí heimsóttum við svo tvo leikskóla á suðurlandi. Í leikskólanum Álfheimum fengum við kynningu á starfi leikskólans en þar er lögð áhersla á samskipti og vellíðan í leik og starfi. Fengum fræðslu um hvernig unnið er með leikinn og hlutverk þeirra fullorðnu í honum ásamt hvernig viðhorf, viðmót og framkoma skapa bestu forsendur fyrir þroska barna og starfsmanna. Auk þess fáum við kynningu á hvernig unnið er með umhverfismennt, vettvangsferðir og markmið grænfánans. Í Kerhólsskóla fengum við kynningu á því hvernig unnið er í flæði með leikskólabörnunum og mikilvægi viðhorfs kennarar til leiksins, hvernig samsetning barnahópsins er og tengsl innan hans. Leikskilyrði inni sem úti skipta máli og hvaða leikefni er í boði. Einnig fengum við kynningu á hvernig unnið er með umhverfismennt og förum við í skógarferð í nágrenni leikskólans. Það var fábær vítamínsprauta að fara loks í heimsóknir og fengum við fullt af góðum hugmyndum sem strax skiluðu sér í starfið.

Þrír kennarar tóku þátt í menntafléttu, einn í Gæðamálörvun í leikskóla og tveir í Stærðfræðin í umhverfi leikskólabarna. Tveir starfsmenn sóttu námskeið hjá Barnaheill, Blæ og einn starfsmaður sótti fagnámskeið Eflingar. Þrír starfsmenn sóttu íslenskunámskeið fyrir erlenda starfsmenn og einn deildarstjóri var í MT námi í leikskólakennarafræðum fyrir áramótin. Einnig kom sérkennsluráðgjafi reglulega yfir veturinn til að fræða aðila sem sinntu atferlismótun. Einn starfsmaður fór á trúnaðarmannanámskeið hjá Sameyki. Leikskólastjóri tók þátt í lærdómssamfélagi leikskólastjóra og sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra. Þrír starfsmenn tóku þátt fyrir áramót í Gæðamálörvun í daglegu starfi. Einn deildarstjóri fylgdist með á rafrænni ráðstefnu Grænfánans og Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku þátt í stjórnendadeginum og ráðstefnu FLS. Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðsdegi leikskólastjóra.



## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

### Dagskrá fyrir forskóla skólaárið 2021-2022

Tengiliðir:

Elísabet frá Sæmundarskóla.  
Þóra Dögg frá Geislabaug - Sólin  
Elísabet (Lísa) frá Reynisholti - Stjörnulundur  
Elín Ósk frá Maríuborg -  
Karen Rún frá Fjósiðu

[elisabet.gestsdottir@rvkskolar.is](mailto:elisabet.gestsdottir@rvkskolar.is)  
[thora.dogg.gudmundsdottir@rvkskolar.is](mailto:thora.dogg.gudmundsdottir@rvkskolar.is)  
[elisabet.armannsdottir@rvkskolar.is](mailto:elisabet.armannsdottir@rvkskolar.is)  
[elin.osk.gudmundsdottir@rvkskolar.is](mailto:elin.osk.gudmundsdottir@rvkskolar.is)  
[karen.run.helgadottir@rvkfri.is](mailto:karen.run.helgadottir@rvkfri.is)

#### Símanúmer

Sæmundarskóli 411-7848  
Reynisholt 517-5560  
Geislabaugur 411-3860  
Maríuborg 411-3806  
Fjósið 664-7722

#### Fjöldi barna:

15 frá Reynisholti  
12 frá Geislabaug  
2 frá Maríuborg  
? utan hverfis

#### Þrjú hópar:

Hópur 1: Geislabaugur +  
Maríuborg  
Hópur 2: Reynisholt

Tími:

Þriðjudagur milli klukkan 10:00-11:00 Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 2. bekkjar (sem er fyrsta svæðið þegar komið er niður tröppurnar). **ATH. dagsætningar með rauðu gætu breyst.**

Heimsóknir fyrir áramót féllu niður vegna samkomutakmarkana en örari heimsóknir voru þá settar á eftir áramótin. Börnin hlökkuðu ætíð til að hitta kennarann sem tók á móti þeim og náði hún vel til barnanna.

#### 2022

- 8. febrúar – Hópur 1 – skólabarnið
- 15. febrúar – Hópur 2 - skólabarnið
- 22. febrúar – Hópur 1 – Skólataskan
- 1. mars – Hópur 2 –Skólataskan
- 8. mars – Hópur 1 – Nestisbox og brúsi
- 15. mars – Hópur 2 – Nestisbox og brúsi
- 22. mars –. Hópur 1 – Íþróttahús
- 29. mars – Hópur 2 – Íþróttahús
- 5. apríl – Hópur 1 - Listgreinar/spjaldtölvur – borða í hádeginu
- 12 – 18. apríl páskafrí
- 19. apríl – Hópur 2 – Listgreinar/spjaldtölvur – borða í hádeginu
- 26. apríl – Hópur 1 – Heimsókn í Fjósið
- 3. maí- Hópur 2 – Heimsókn í Fjósið
- 10. maí – Hópur 1 – Vorskólahefti og viðurkenning
- 17. maí – Hópur 2 – Vorskólahefti og viðurkenning



## 8 Foreldrasamvinna

Sökum samkomutakmarkana var fyrsti foreldrafundur ekki haldinn fyrr en 9.nóvember þennan vetur. Áður höfð stjórnendur kallað eftir áhugasömum foreldrum til að starfa í foreldrafélagi og -ráði. Aðalfundur foreldrafélagsins var fjarfundur 9.nóvember þar sem hefðbundin aðalfundarstörf voru s.s. verkefni vetrarins kynnt, kosning í stjórn og samþykkt reikninga. Hlutverk skiptust svo:

- Ingi Hrafn - faðir á Geislalundi og Stjörnulundi - sem formaður foreldrafélags
- Danielle - móðir á Stjörnulundi - sem gjaldkeri foreldrafélags
- Elva Margrét - móðir á Bjartalundi - sem formaður foreldraráðs
- Telma - móðir á Geislalundi - sem meðstjórnandi í foreldráði
- Helena - móðir á Bjartalundi - sem meðstjórnandi í foreldraráði

Foreldrafélag og -ráð „hittust“ mest í gegnum tölvupósta og á facebook síðu félagsins. Einungis var send út ein rúkkun fyrir gjaldi í foreldrafélagið þar sem færri tækifæri gáfust þennan vetur til að gera sér glaðan dag með foreldrahópnum. Foreldrafélagið var þó ávallt tilbúið að fara af stað með einhvern viðburð ef tækifæri gæfist en það var þó ekki fyrr en á vormánuðum að við gátum boðið foreldrum að taka þátt í starfinu. Félagið styrkti börnin um jólasveina sem skemmtu börnunum í desember og um leiksýningu á sumarhátíðinni. Báðar skemmtanirnar voru vel metnar af börnum og starfsfólki. Einnig fengu starfsmenn glaðning um páskana með fallettri orðsendingu frá foreldrum sem yljaði okkur um hjartaræturnar.

Þessi vetur eins og sá fyrri einkenndist af miklum breytingum og samkomutakmörkunum. Fyrirhugað var að halda ömmu og afa kaffi, foreldrakaffi, tvisvar opið hús og konu og karlakaffi en lítið af þessu var hægt að framkvæma. Fyrri hluta vetrar máttu foreldrar ekki koma nema inn í fataherbergi leikskólans og ætíð með grímur. Deildarstjórar voru natnir við að senda myndir með föstudagspóstum þar sem þeir sögðu frá viðfangsefnum barnanna þá vikuna. Einnig prentuðu þeir út myndir og límdu í glugga deildanna fyrir foreldra. Stjórnendur gerðu sitt besta til að upplýsa foreldra um gildandi reglur og breytingar á starfinu. Foreldraviðtöl voru tekin af deildarstjóra eða öðrum kennara af deildinni. Fyrra viðtal var tekið í nóvember og það síðara í mars/apríl. Fyrri viðtölin voru flest fjarviðtöl en þau síðari flest staðviðtöl.

Þegar leið á vorönn gátu foreldrar loks komið inn í leikskólann og þegar nær dró vorinu gátum við sleppt grímunum og þurfti maður að endurnýja kynni við foreldra grímulausa. Mikil tilhlökkun var svo fyrir opna húsið og var áherslan á samveru og samtal. Buðum við gestum okkar að snæða með börnunum síðdegishressingu og dvelja svo hjá okkur út daginn. Börnin voru virkilega spennt að fá loks gesti og sýndu mikla gestrisni.

Ekki hefur náðst að halda vinnukvöld í Reynislundi frá hausti 2019. Hann þarfnast því nokkurrar umhyggju og stefnt er að því að halda vinnukvöld snemma í haust.

Við fundum mikinn stuðning og skilning frá foreldrum á þessum tímum og þótti okkur virkilega vænt um að fá sendingar á kaffistofuna frá foreldrum og frá foreldrafélaginu. Það gaf okkur sannarlega sól í hjarta.



## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar vetrarins verða sex talsins þar af þrír í samráði við grunnskóla hverfisins. Í september verður vetrarstarfið skipulagt, samskiptasáttmáli fullunninn og fræðsla og umræður um áherslur leikskólans, tilgang og hlutverk. Í október verður unnið að menntastefnuverkefningu með umræðum um læsi og uppeldisfræðilegar skráningar og utanaðkomandi fræðslu. Í nóvember verða teymisfundir og endurmat á haustönn ásamt fræðslu um græn skref og grænfána. Í febrúar verður hópefli, undirbúningur fyrir öskudagsbúningagerð og umræður um uppeldisfræðilegar skráningar. Í mars eru foreldraviðtöl undirbúin ásamt fræðslu frá MML um læsi. Í maí verður endurmat og vinna við áætlun næsta vetrar. Skóladagatal er einnig í viðhengi

Skóladagatal Reynisholts 2022-2023

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	Frídagur verð	1 L		1 F	1 S	Nýársdagur	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L
2 Þ		2 F		2 M	2 F		2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S
3 Mi		3 L		3 F	3 L		3 F	3 M	3 M	3 L	3 Mi
4 F	Leikskóli opnar	4 Þ		4 F	4 S		4 L	4 Þ	4 S	4 S	4 Þ
5 F		5 M		5 L	5 M		5 S	5 M	5 Þ	5 M	5 Mi
6 S		6 Þ		6 S	6 Þ	Bretlandinn	6 M	6 F	6 F	6 Þ	6 F
7 S		7 M		7 M	7 L		7 Þ	7 S	7 Þ	7 M	7 F
8 M		8 Þ	Dagur læsi	8 L	8 M		8 S	8 M	8 Þ	8 F	8 S
9 Þ		9 S		9 M	9 F		9 M	9 Þ	9 S	9 S	9 S
10 M		10 L	Foreldraviðt.	10 F	10 L		10 Þ	10 M	10 M	10 L	10 Mi
11 Þ		11 Þ	Foreldraviðt.	11 F	11 S		11 L	11 Þ	11 Þ	11 S	11 Þ
12 F		12 M	Foreldraviðt.	12 L	12 M		12 L	12 M	12 F	12 M	12 Mi
13 L		13 Þ	Foreldraviðt.	13 S	13 Þ	Jólaheilt.	13 M	13 L	13 Þ	13 S	13 Þ
14 S		14 M	Foreldraviðt.	14 M	14 L		14 Þ	14 S	14 F	14 M	14 F
15 M		15 F	Dagur í náttúru	15 L	15 M		15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ		16 S		16 M	16 F	Jóla-skemmtun	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M		17 L		17 M	17 L		17 F	17 M	17 M	17 L	17 Mi
18 F		18 Þ		18 F	18 S		18 L	18 Þ	18 Þ	18 S	18 Þ
19 F		19 M		19 L	19 M		19 S	19 M	19 M	19 L	19 Mi
20 L		20 Þ		20 M	20 Þ	Öskudags Bíðkerfi	20 M	20 L	20 Þ	20 S	20 Þ
21 S	Skólastær grunn	21 M		21 M	21 M		21 Þ	21 S	21 M	21 L	21 Mi
22 M		22 F	Þrátt veitandagur	22 F	22 F		22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ		23 M		23 M	23 F	Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 M	23 F	23 S
24 M		24 L	Skipulags fræðsla	24 L	24 L	Þórsdagur	24 Þ	24 M	24 M	24 L	24 Mi
25 F		25 Þ		25 M	25 F	Jóladagur	25 L	25 Þ	25 M	25 L	25 Mi
26 F		26 M		26 L	26 M	Annar Lúðun	26 S	26 M	26 M	26 L	26 Mi
27 L		27 Þ		27 M	27 Þ		27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 S		28 M	Skóli íttól Foreldrafundur	28 M	28 L		28 Þ	28 M	28 F	28 M	28 Mi
29 M		29 F		29 M	29 F		29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ		30 S	Skipulags veitarstarf	30 S	30 F	Þorláksmessa Bíðkerfi	30 M	30 Þ	30 M	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L	31 L	Gamliárslagur	31 Þ	31 M	31 M	31 L	31 Mi

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða fridagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólin verði opin allt samári eða loki samelli í tju virka daga til tuttugu virka daga. Stefna SFS er að í hverju hverfi leitist



## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Reynisholt

Aðalheiður Stefánsdóttir

4. júlí 2023

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2022 – 2023 Leikskólinn Reynisholt

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Elva Margrét Árnadóttir - formaður  
Helena Harðardóttir - meðstjórnandi  
Telma Erlendsdóttir - meðstjórnandi





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Nú er enn eitt skólaárið þar sem covid hefur setið í flugstjórasetinu lokið og vonum við að þau takmörk, skerðing og almenn leiðindi sem því fylgja sé nú einnig lokið. Við getum allavega vonað það besta fyrir komandi skólaár.

En þrátt fyrir allt sem gekk á í vetur þá smitaði það aldrei út frá sér (allavega ekki út á við) og starfsfólk Reynisholts ávallt tilbúið að takast á við nýjar áskoranir sem fylgdu þessum tímum og það með bros á vör. En svona ástand getur ekki verið til lengdar án þess að fá á starfsmannahópinn og vonum við að áhrif þess álags sem nú hefur verið á hópnum síðustu tvö ár komi ekki niður á skipulagi og starfi næsta árs. Það yrði samt allveg skiljanlegt því öll erum við mannleg og mikið hefur mætt á starfsfólki leikskólans síðustu ár og það kemur að því að ekki sé hægt að hlaupa hraðar og taka auka skrefin án þess að eiga inneign fyrir því.



Við í foreldrafélaginu viljum koma til skila þökkum til starfsfólks Reynisholts og sérstaklega til þeirra sem hafa látið af störfum í vetur/vor/sumar. Vonum einnig að það komi gullmolar í gullmola stað.

Í vetur var gaman að fylgjast með (úr smá fjarlægð vegna takmarkana) þeirri vinnu sem fór fram. Þátttaka Reynisholts í Barnamenningarhátíðinni í ár var virkilega skemmtilegt og gott í hjartað fyrir fjölskyldur barnanna að sjá öll listaverkin í nýju menningarmiðstöð hverfisins.

Megináherslur næsta veturs eru áhugaverðar. Áfram verður unnið með þróunarverkefnið Félagsfærni út í lífið með áherslu á læsi. Einnig verður unnið að því að samtvinna læsi inn í jóga stundir, samverustundir, vettvangsferðir og þróun á vinnu með nýja fína Bambahúsið.

Virkilega áhugaverð markmið og verður spennandi að fylgjast með starfi komandi veturs.

Vonandi fær starfsfólk Reynisholts tíma og rými til að pússa sig saman og finna sig á ný eftir skritin ár og höfum við fulla trú á að þau komi sterk til baka eftir sumarfrí.

Með þakklætiskveðju  
Foreldraráð



